



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20.2 2019
Mál: 201902-0017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðisлага, 53. mál.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið þau sjónarmið sem liggja að baki þessari tillögu um heildarendurskoðun lögræðisлага en tekur ekki afstöðu til þess hluta hennar er lítur kosningu sérstakrar nefndar þingmanna til þess að annast það verk.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl', is written in a cursive style.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþingi – nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 20. mars 2019

Endurskoðun lögræðislaga
53. mál, þingsályktunartillaga
149. lögjafarþing 2018–2019.

Þann 21.02. 2019 barst undirrituðum forstöðulækni geðlækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri, með tölvupósti, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðislaga, 53. mál 2018-2019.

I. Almenn um tillöguna

Undirritaður er sammála því að heildarendurskoðun Lögræðislaga nr. 71/1997 sé tímabær.

II. Athugasemdir við texta greinargerðar

1. Vísað er í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Convention on the Rights of Persons with Disabilities). Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar hefðu þurft að gera betri grein fyrir þessum samningi, sem undirritaður var af hálfu íslenska ríkisins árið 2007 og fullgiltur árið 2016. Samningurinn hefði þurft að vera fylgiskjal með tillögunni, bæði á ensku og íslensku, þar sem svo víða er vísað til hans. Tekið skal undir að kynna þyrfti innihald þessa sáttmála (sbr. texta neðst á bls. 3 í greinargerðinni).

2. Greina hefði átt frá því að ákvæði um nauðungarvistun og nauðungarmeðferð fólks með alvarlega geðsjúkdóma voru á Íslandi viljandi felld inn í Lögræðislög (III. kafli) sem undantekningarákvæði frá megingenta laganna, í stað þess að hafa sérstök lög um meðferð þessa fólks, eins og tíðkast hefur á öðrum Norðurlöndum og Bretlandi. Undirritaður þekkir þetta frá sérnámstíma sínum í Danmörku og þar er fjallað um þennan málaflokk í sérstökum lögum sem fjalla um málefni geðsjúkra (psykiatríloven). Sama er upp á teningnum í Noregi. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefur hlutfall nauðungarvistaðra verið í kringum 1-3% af heildarfjölda innlagna á geðdeild. Líklega svipað hlutfall og á geðsviði Landspítala.

3. Nefna hefði átt í greinargerðinni að Ísland hafi um langt árabil verið með hlutfallslega margfalt færri nauðungarinnlagnir geðsjúkra en önnur Norðurlönd. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út í bókarformi Lögræðislögin nr. 71/1997 ásamt greinargerð, samtals 199 blaðsíður. Í töflum XII, XIII, XIV á bls. 76-77 í bókinni koma fram upplýsingar um nauðungarvistanir fyrir tímabilið 01.07. 1984 til 31.12. 1995, í fyrsta lagi aldur og fjölda þeirra sem þá voru vistaðir á sjúkrahúsi, í öðru lagi um kyn nauðungarvistaðra manna og í þriðja lagi um ástæður nauðungarvistunar. Gagnlegt hefði verið að uppfæra þessar töflur til ársins 2018 til að geta glöggvað sig betur á þróun mála. Í töflum IV og V á bls. 43 kemur fram að lögræðissviptingar voru um fjórfalt færri en fjöldi nauðungarvistana á sama árabili, eða að jafnaði um 20 á hverju ári. Um þriðjungur lögræðissviptinga var vegna geðsjúkdóma samkvæmt töflu III á bls. 34. Til að skýra málið frekar þá er ferlið oft með þeim hætti að fólk er nauðungarvistað við upphaf innlagnar og er þrátt fyrir nauðungarvistun, samkvæmt skilgreiningu laganna, samt sjálfráða. Einungis hluta þessa hóps þarf að vista lengur en þrjár vikur, þegar það reynist ekki nægjanlegur tími til þess að meðferðin beri nauðsynlegan árangur. Þá er metið hvort ástæða sé til að óska eftir framlengingu nauðungarvistunar í allt að 12 vikur. Á þeim tíma er möguleiki á rýmkun. Dugi þetta ekki til að ná fullnægjandi meðferðarárangri kemur þá fyrst til þess að meta þurfi hvort ástæða sé til að fara fram á sjálfræðissviptingu með dómi. Samkvæmt Lögræðislögum skal tímabundin lögræðissvipting ekki ákveðin skemur en 6 mánuði í senn.

4. Þurft hefði í greinargerðinni að skilgreina hugtökin *geðfatlaðir* og *fólk með alvarlega geðsjúkdóma (geðraskanir)*. Þetta eru ekki samheiti. Síðarnefndi hópurinn glímir oft við tímabundin veikindi en getur náð bata eftir viðeigandi meðferð. Alls ekki allir sem heyra til síðarnefnda hópnnum teljast vera fatlaðir. Í ákvörðunum sínum um nauðungarvistun styðjast læknar fyrst og fremst við sjúkdómshugtakið því nútíma skilningur á geðrofi felur það í sér að hljóti sjúklingur ekki viðhlítandi meðferð stóraukast líkur á að langvarandi geðrof valdi varanlegri fötlun.

5. Gera hefði átt nákvæma grein fyrir þeim ákvæðum hinna íslensku Lögræðislaga sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar telja vera dæmi um mismunun gagnvart fötluðum einstaklingum, sbr. eftirfarandi texta greinargerðarinnar á bls. 6:

„Gildandi lögræðislög standast ekki kröfur samningsins samkvæmt túlkun nefndarinnar. Nauðungarvistun einstaklings á þeim grunni einum að hann sé fatlaður (þjáist af alvarlegum geðsjúkdómi) er t.d. skýrt brot á b-lið 1. tölul. 14. gr., 19. gr. og 22. gr. samningsins. Þá er þvinguð meðferð á fötluðum einstaklingi óheimil samkvæmt 12. gr., 1. tölul. 15. gr., 16. gr., 17. gr., 22. gr. og d-lið 25. gr. samningsins eins og fram kemur í almennri athugasemd nefndar Sameinuðu þjóðanna.“

Tekið skal fram að nauðungarvistun einstaklings á Íslandi er aldrei á þeim grunni einum að hann sé fatlaður.

6. Fullyrðingu um gróf mannréttindabrot á fötluðum hefði þurft að styðja í greinargerðinni með dæmum og tölulegum upplýsingum, sbr. setningu á annarri blaðsíðu greinargerðar:

„Fatlað fólk verður ítrekað fyrir grófum mannréttindabrotum, oft eingöngu vegna fötlunar sinnar“.

7. Eftirfarandi texta má lesa á bls. 5 í greinargerðinni;

„Sjálfsákvörðunarrétt fólks (lögformlegt hæfi) ætti ekki að skerða þótt yfirvöldum eða ættingjum þyki manneskja taka slæmar eða jafnvel skaðlegar ákvarðanir. Fólk á líka rétt á að taka slæmar ákvarðanir.“

Þessi heimspekilegu sjónarmið gætu snert nánast alla íslenska löggjöf aðra en Lögræðislög (t.d. Almenn hegningarlög) og þarfnast ítarlegrar umfjöllunar og yfirlegu af hálfu löggjafans.

8. Á sjöttu blaðsíðu greinargerðarinnar segir;

„Samkvæmt nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er aðildarríkjum samningsins óheimilt að beita fatlað fólk nauðung af nokkru tagi. Að mati nefndarinnar er nauðungarvistun, þvinguð lyffagjöf og önnur þvinguð meðferð vegna fötlunar brot á samningnum í öllum tilfellum, einnig í neyðartilfellum.“

„Lagt er til að nefndin taki sérstaklega mið af því við heildarendurskoðun lögræðislaga að afnema úr lögnum alla nauðung og frelsissviptingu sem byggjast á fötlun einstaklings.“

Hér gefa flutningsmenn þingsályktunartillögunnar nánast fyrirmæli til þingmannanefndarinnar um hverjar niðurstöður hennar eigi að verða, það er að fella út allan kafla III í Lögræðislögum. Spyrja verður hvort einhver lög þurfi að koma í stað III kafla í Lögræðislögum, um meðferð fólks með alvarlega geðsjúkdóma, sem þá uppfylli vilja flutningsmanna í samræmi við texta þeirra á bls. 6 í greinargerðinni:

„Í stað þvingaðrar meðferðar og/eða frelsissviptingar skuli fatlaðir njóta stuðnings sem virði frelsi þeirra til þess að neita læknismeðferð. Slíkt megi t.d. gera með notkun bráðateyma sem noti samtalsaðferðir eða með rekstri skjólhúsa.“

Virðingarfyllst,



Helgi Garðarsson forstöðulæknir
Geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri

Reykjavík,
13. mars 2019.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis hefur fyrir hönd Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis óskað eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálpar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun núgildandi lögræðisлага, 53. mál.

Réttur Íslendinga til að ráða eigin lífi er grundvallaður í gildandi lögræðislægum frá árinu 1997. Lögin eru fæstum ofarlega í huga frá degi til dags því sjaldgæft er að réttur fullveðja, heilbrigðs fólks til að ráða eigin lífi sé dreginn í efa. Öðru máli gegnir um fólk með geðraskanir því nánast daglega er einhver í þeim hópi sviptur ákvarðanavaldi yfir eigin lífi eða beittur þvingun á einhvern hátt á grundvelli laganna.

Landssamtökin Geðhjálp hafa barist fyrir bættum mannréttindum fólks með geðrænan vanda í hartnær 40 ár. Samtökin hafa lagt hart að sér til að tryggja fólki í þessum sporum sömu mannréttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum. Því miður hefur þessi barátta þó ekki skilað tilætluðum árangri. Alltof hægt hefur miðað í að stuðla að ásættanlegum breytingum svo enn er við lýði hrópandi mannámunur í mannréttindum gagnvart fólki með geðrænan vanda.

Geðhjálp fagnar framkominni þingsályktunartillögu um að skipuð verði þingmannanefnd um endurskoðun gildandi lögræðisлага með hliðsjón af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með endurskoðun laganna til samræmis við samninginn yrði stigið ómetanlegt skref til að tryggja fólki með geðrænan vanda vald yfir eigin lífi, frelsi og óttaleysi gagnvart því að vera beitt hvers kyns þvingandi meðferð.

Gildandi lögræðislæg fela ekki aðeins í sér almenna mismunun gagnvart fólki með geðraskanir eins og getið er um í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Sumar lagagreinar lögræðislaganna á borð við víðar heimildir til nauðungarvistunar og þvingandi meðferðar ganga beinlínis gegn ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hafa verið gagnrýndar af svokallaðri CPT-nefnd (European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment).

CPT-nefndin beindi því til að mynda til íslenskra stjórnvalda að þrengja skilyrði nauðungarvistunar úr því að viðkomandi sýndi einkenni alvarlegs geðsjúkdóms í að hann/hún væri sjálfum sér eða öðrum hættulegur fyrir nokkrum árum. Skemmst er frá því að segja að stjórnvöld kusu að líta framhjá þessum eðlilegu tilmælum og samsvarandi óskum Geðhjálpar um að miðað væri við skaðalögmál John Stuart Mills við síðustu endurskoðun lögræðislaganna árið 2015.

Með sama hætti hefur nefnd um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks vakið athygli Íslenskra stjórnvalda á því að svokallað *staðgengilsákvæðanatöku* skuli leyst af hólmi með *studdri ákvarðanatöku* samkvæmt samningnum. Stjórnvöld hafa haldið því fram að svokallað *talsmannakerfi* uppfylli kröfu samningsins um *studda ákvarðantöku*. Geðhjálp og fleiri aðilar hafa bent á að slíkt fari fjarri því fólk með geðraskanir hafi almennt ekki aðgang að talsmanni enda hafi fáir séð sér hag í að sækja námskeið fyrir talsmenn af þeirri einföldu ástæðu að starfið sé ólaunað.

Geðhjálp og fleiri mannréttindasamtök hafa margsinnis bent á neikvæðar afleiðingar hvers kyns frelsisviptinga og þvingana á fólk með geðrænan vanda. Fjölmörg dæmi eru um að slík reynsla sitji í fólki jafnvel áratugum eftir að atburðurinn á sér stað. Ótaldar eru afleiðingar þvingunar á samskipti viðkomandi við aðstandendur, vini og fagfólk til framtíðar. Með sama hætti líta samtökin alvarlegum augum að þvingun í meðferð virðist færast í vöxt á íslenskum heilbrigðisstofnunum. Brýnt er að Alþingi beiti sér fyrir viðeigandi lagabreytingum til að draga úr hættunni á slíkum mannréttindabrotum gagnvart veiku fólki á opinberum stofnunum.

Breytingar á lögræðislögum kalla á nýjar, mannúðlegar leiðir til að koma til móts við fólk í ójafnvægi vegna geðraskana. Geðhjálp vill að litið verði til árangursríkra aðferða eins og *samtalsmeðferðar*, *skjólshúss* og *Opins samtals* til að stuðla að mannréttindamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu. Síðast en ekki síst vekja samtökin athygli á því að rannsóknir hafa sýnt fram á að svokölluð *fyrirframgerð ákvarðantaka* hafi dregið úr þvingun í meðferð um 50% í einu af fylkjum Bandaríkjanna.

Endurskoðun lögræðislaga er flókið ferli. Geðhjálp vekur athygli á því að nokkrar nágrannaþjóðir Íslendinga hafa þegar hafið og jafnvel lokið endurskoðun lögræðislaga til samræmis við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og er sérstaklega bent á fordæmi Íra í því sambandi. Athyglisvert er að skoða hvaða leiðir hafi verið farnar þar í landi til að koma til móts við ákvæði samnings og þar með tryggja fólki með geðröskun grundvallarmannréttindi til jafns við aðra.

Geðhjálp hvetur Alþingi til að samþykkja þingsályktunartillöguna og leggja þar með sitt lóð á vogarskálar mannréttindabaráttu fólks með geðröskun og geðfötlun. Samtökin ítreka að með endurskoðun laganna til samræmis við Samning Sameinuðu þjóðanna yrði stigið ómetanlegt skref til að tryggja þessum hópi sambærileg mannréttindi og öðrum þjófélagsþegnum.

Virðingarfyllst fyrir hönd Landssamtakanna Geðhjálpar,

Hrannar Jónsson, formaður.



149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 53 — 53. mál.

Alþingi – nefndarsvið
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík

Sent rafrænt
nefndarsvid@althingi.is

Akureyri 13.03.2019

Efni: Umsögn til Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðislaga – Þingskjal 53 – 53. Mál

Grófinni – geðverndarmiðstöð hefur borist til umsagnar tillaga að þingsályktunartillögu um endurskoðun lögræðislaga, 53. mál. Grófin – geðverndarmiðstöð veitir tillögunni jákvæða umsögn í heild sinni og tekur undir þá hugmynd sem fram kemur í tillögunni að kominn sé tími á heildarendurskoðun laganna með tilliti til þess er fram kemur í tillögunni. Þá álitur Grófin - geðverndarmiðstöð hugmyndir um að lögfesta fyrirframgefna ákvarðanatöku sem mikla framför í geðheilbrigðismálum á Íslandi.

F.h. Grófarinnar – geðverndarmiðstöðvar
Hrafn G. Hreiðarsson, verkefnastjóri í Grófinni



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. mars 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðisлага, þskj. 53, 53. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður tillöguna heils hugar og hvetur til samþykkis hennar. Svo sem rakið er í greinargerð með tillögunni þá er grunnhugsun samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) sú að óleyfilegt sé að mismuna fötluðu fólki á grundvelli fötlunar þess, þ.e. að fötlun megi aldrei vera ástæða mismununar. Í ákvæðum samningsins er rakið á framsækin og nákvæman hátt hvernig aðildarríkjum beri að tryggja í lögum og framkvæmd að mannréttindi fatlaðs fólks séu virt í hvívetna.

MRSÍ tekur og undir þau orð í greinargerðinni að eitt mikilvægasta ákvæði SRFF kveður á um jafna réttarstöðu fatlaðra einstaklinga og jafnan rétt þeirra til lögformlegs hæfis og að réttur fatlaðs fólks til stuðnings við ákvarðanatöku sem finna má í samningnum felur í sér grundvallarbreytingu á þeirri nálgun að sjálfsákvörðunarrétti fatlaðs fólks sem viðgekkst fram að samþykkt samningsins.

Í ljósi þess að Ísland hefur fullgilt SRFF er brýnt að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á innlendri löggjöf svo hún samræmist ákvæðum samningsins. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi sérnefnd þingmanna úr öllum þingflokkum sem sæti eiga á Alþingi og að haft verði samráð við samtök fatlaðs fólks við vinnu að endurskoðuninni. Þó margir þingmenn hafi eflaust góða þekkingu á málefnum fatlaðra þá hvetur MRSÍ til þess að samráð við samtök fatlaðs fólks verði sem virkast og víðtækast því þar er sérfræðingana að finna og þá sem réttindin varða. Þá væntir MRSÍ þess enn fremur að tekið verði tillit til þeirra upplýsinga og sjónarmiða sem fram koma við slíkt samráð.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri



Reykjavík 11. mars 2019

**Umsögn Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands
um
Tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðislaga
Þingskjal 53 – 53. mál.**

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðislaga, lýsir yfir eindregnum stuðningi við hana og hvetjur Alþingi Íslendinga til að hefja slíka endurstoðun hið fyrsta.

Heiladarendurskoðun lögræðislaga er löngu tímabær því núgildandi lög nr. 71/1997 (með áorðnum breytingum) standast hvorki nútíma áherslur í mannréttindum né alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Varðandi það síðara vísun við einkum til Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem íslensk stjórnvöld fullgiltu í september 2016 og Alþingi hefur lagt áherslu á að innleiða í Íslensk lög m.a. í Lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir 38/2018.

Í tilefni af þessari þingsályktunartillögu viljum við koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um grundvallaratriði hvað varðar vinnubrögð við endurskoðun lögræðislaga. Þessar ábendingar gilda í raun um alla vinnu stjórnvalda hvað varðar stefnumótun og lagasetningu er varða fatlað fólk og málefni þess.

Við endurskoðun lögræðislaga minnum við á skyldur stjórnvalda til tryggja virka þátttöku og aðkomu fatlaðs fólks og samtaka þess að stefnumótun og lagasetningum þessi réttur er skýrt orðaður í **Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)**, m.a. í 4. gr. Almennar skuldbindingar (þ.e. skuldbindingar stjórnvalda).

Í **grein 4.3 segir**: „Þegar aðildarríki undirbúa löggjöf sína og stefnu við að innleiða samning þennan og vinna að því að taka ákvarðanir um stöðu fatlaðs fólks skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar með talið fatlaðra barna með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.“ (Áherslur eru okkar).

Í samræmi við þessi ákvæði SRFF hefur Alþingi lögfest ákvæði sem kveður á um skyldur stjórnvalda til slíks samráðs og um aðkomu fatlaðs fólks að stefnumótun og lagasetningu. Þessi ákvæði er m.a. að finna í **Lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir 38/2018**.

Í **1. gr. laga 38/2018, Markmið, segir m.a.** „Þá skulu stjórnvöld tryggja að fatlað fólk, þ.m.t. hagsmunasamtök þess, hafi áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni þess. Skal ákvarðanataka byggjast á viðeigandi aðlögun þar sem aðgerða er þörf svo að fatlað fólk fái notið réttinda sinna.“

Skyldur stjórnvalda til samráðs við fatlað fólk eru nefndar víðar í lögum 38/2018. Slík ákvæði er m.a. að finna **4. gr., Yfirstjórn og eftirlit ráðherra**, en þar segir að ráðherra skuli setja reglugerðir um nánari útfærslu laganna í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Þá vekjum við athygli á **VIII. Kafli laganna, Samráð og stefnumörkun. Í 36. gr. Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks**, er kveðið skýrt á um rétt fatlaðs fólks til að koma að stefnumótun í málefnum sem varða hag þess.

36. gr. er svohljóðandi: „Ráðherra skal skipa samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem er samráðsvettvangur ríkisins, sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Samráðsnefndin skal skipuð tveimur fulltrúum ráðuneytisins, einum fulltrúa frá ráðuneyti fjármála, tveimur fulltrúum sveitarfélaga og fjórum fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Ráðuneytið skal tryggja að fatlað fólk sé í meiri hluta í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir ráðherra við stefnumörkun í málefnum fatlaðs fólks.“ (Áherslur eru frá okkur komnar.)

Það sem vekur athygli hér ákvæði um að tryggt sé að fatlað fólk sé í meirihluta í samráðsnefndinni og felur í sér áherslu á mikilvægi reynslu og þekkingar fatlaðs fólks sjálfs þegar kemur að stefnumótun og lagasetningum.

Í fyrirleggjandi þingsályktunartillögu er hvergi fjalla um aðkomu fatlaðs fólks að endurskoðun lögræðislaga. Þetta teljum við bæði ámælisvert og gagnrýnivert þar sem mörg ákvæði lögræðislaga beinast að fötluðu fólki og að núverandi lögræðislög innihalda víðtækar heimildir til að takmarka grundvallar frelsi og mannréttindi fatlaðs fólks. Í samræmi við þau lög sem Alþingi hefur nýlega sett, og vísað er til hér að framan, og jafnframt í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga íslenskra stjórnvalda, einkum varðandi SRFF, teljum við augljóst að stjórnvöld séu skuldbundin til að hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka aðkomu þess endurskoðun lögræðislaga.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum
Rannveig Traustadóttir prófessor og forstöðumaður



HÁSKÓLI ÍSLANDS

 Siðfræðistofnun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: *Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun lögræðis laga. Þingskjal 53 – 53. mál.*

Siðfræðistofnun tekur undir hugmyndir um heildarendurskoðun lögræðis laga, nr. 71/1997, í þeim anda sem lagt er til í þingsályktunartillögunni. Stofnunin telur mikilvægt að huga betur að þætti fatlaðra í lögræðislögum og styður þá nálgun að líta sérstaklega til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Vilhjálmur Árnason,
stjórnarformaður


Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2019

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðislaga, þskj. 53, 53. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) þakkar fyrir að fá þingsályktunartillöguna til umsagnar og styður hana heils hugar og hvetur Alþingi til þess að samþykkja hana.

Líkt og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni er tilgangur hennar að vinna að heildarendurskoðun lögræðislaga, nr. 71/1997, en áður höfðu verið gerðar breytingar á lögræðislögum sem urðu að lögum nr. 84/2015. Breytingunum var ætlað að vera í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) og þá sérstaklega 12. gr. SRFF sem fjallar um jafna réttarstöðu fatlaðs fólks og jafnan rétt til lögformlegs hæfis og rétt fatlaðs fólks til stuðnings við ákvarðanatöku. Breytingarnar náðu hins vegar engan veginn markmiði sínu og brjóta lögræðislög eins og þau eru í dag gegn ákvæðum SRFF og fela í sér alvarlega mismunun gagnvart fötluðu fólki. Þá fela gildandi lögræðislög í sér of rúmar heimildir til nauðungarvistunar og til þvingandi meðferðar en slíkt hefur verið gagnrýnt af European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman Degrading Treatment or Punishment (CPT). Þá er mikilvægt að hið svokallaða lögráðamannakerfi sem byggist á staðgengilsákvörðunartöku (*e. substitute decision-making*) verið afnumið og komið verði á fót kerfi sem byggist á studdri ákvörðunartöku (*e. supported decision-making*). Jafnframt má benda á að vorið 2016 heimsótti Nils Muižnieks, fyrrum mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Ísland og ræddi m.a. mannréttindamál fatlaðs fólks hér á landi og furðaði sig á metnaðarleysi íslenskra stjórnvalda gagnvart þeim. Nils hafði áður gagnrýnt norsk stjórnvöld og ný lögræðislög þeirra sem tóku gildi árið 2010 þar sem þau þóttu brjóta gegn ákvæðum SRFF og annarra alþjóðamannréttindasamninga en norsku lögræðislögin voru höfð sem fyrirmynd við gerð frumvarps sem varð að lögum nr. 84/2015. Það er því ekki eingöngu tímabært heldur mikilvægt að heildarendurskoðun lögræðislaga nr. 71/1997 eigi sér stað.



Þá er mikilvægt að benda á almennt álit (*e. general comment*) sérfræðinefndar SRFF nr. 1¹ sem fjallar um 12. gr. SRFF og vill ÖBÍ koma því áleiðis að nauðsynlegt sé fyrir alla sem koma að vinnu við endurskoðun á lögræðislögum að kynna sér álitid til hlítar og hafa það til hliðsjónar við alla vinnu.

Ísland fullgilti SRFF í september 2016 og ljósi þess er brýnt að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á innlendra löggiöf til samræmis við ákvæði SRFF. Í vor munu íslensk stjórnvöld skila af sér svokallaðri stöðuskýrslu til sérfræðinefndar um innleiðingu og framkvæmd á samningnum. Það er ekki bara mikilvægt heldur nauðsynlegt fyrir íslenskt samfélag að engum sé mismunað um réttindi sín, alltof of lengi hefur fötludu fólki verið mismunað og það ekki notið jafns réttar á við aðra á grundvelli fötlunar sinnar.

ÖBÍ fagnar því að í tillögunni sé lagt til að Alþingi kjósi sérnefnd þingmanna þvert á þingflokka sem vinna eiga að endurskoðun laganna og ítrekar mikilvægi þess að virkt og náið samráð verði haft við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess frá upphafi vinnunnar en þar liggur sérfræðibekkingin og reynslan.

Ekkert um okkur án okkar!



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
Formaður Öryrkjabandalags Íslands

¹ Committee on the Rights of Persons with Disabilities, General Comment No. 1, Article 12: Equal Recognition Before the Law, UN Doc. No. CRPD/C/GC/1 (April 2014) <https://documents-dds-ny.un.org/doc/UNDOC/GEN/G14/031/20/PDF/G1403120.pdf?OpenElement>